

**Mál nr. 1**  
**Knattspyrnudeild UMF Fjölnis**  
**gegn**  
**Knattspyrnudeild ÍR**

**Kæra Fjölnis**

**Dómkröfur**

Leikur Fjölnis og ÍR í 3.fl. karla b lið (07/04/2004) verði dæmdur Fjölni í vil 3-0 og þar með tapaður fyrir ÍR.

**Málavextir**

5 leikmenn ÍR, sem hófu leik liðanna í A-liðum léku allan leik B-liðanna. Þessir leikmenn eru: Eyjólfur A. Eyjólfsson, Hafliði Hafliðason, Ragnar Másson, Stefán Möller og Tryggvi Þ. Jóhannesson.

**Lagarök**

Brot á reglum KSÍ 2.1 um takmörkun á hlutgengi og reglu 3.9.4.1.

**Röksemdir**

Umræddir leikmenn voru ólöglegir með B-liði ÍR, þar sem

- a) þeir hófu A-liðs leik liðanna og
- b) byrjuðu allir inn á í A-liðs leiknum en voru ekki varamenn.

Þetta eru brot á þeim reglum sem vísað er í hér að ofan og óviðunandi og ósanngjörn farmkoma við leikmenn B-liðs 3. flokks karla hjá Fjölni.

Þar sem páskar hófust strax daginn eftir og leikskýrslurnar sem notaðar eru sem sönnunargögn fóru ekki inn á netið fyrr en 16.04.2004, var ekki unnt að vinna þessa kæru fyrr. Við teljum þó að við séum innan tímarammans þar sem dagurinn í dag er 5. virki dagurinn frá leikjunum.

**Sönnunargögn**

Sjá meðfylgjandi gögn send á faxi.

*Virðingarfullst,*

*f.h. knattspyrnudeildar Fjölnis*

*Guðjón Ármann Guðjónsson*

**Úrskurður Dómstóls KSÍ**

Ár 2004, fimmtudaginn 29. apríl er dómþing í Knattspyrnudómstól KSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnanesi.

Fyrir er tekið mál nr.1/2004 UMF Fjölnir, knattspyrnudeild gegn ÍR. Í málinu er kveðinn upp svofelldur dómur.

**I.**

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 19. apríl sl. Kærandi er Ungmennafélagið Fjölnir. Kærði er knattspyrnudeild Íþróttafélags Reykjavíkur. Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 20. júlí sl.

**Dómkröfur kæranda**

Kærandi krefst þess að úrslit leiks UMF Fjölnis og ÍR í B-liði 3. flokks karla sem fram fór þann 7. apríl sl. verði dæmd ógild og kæranda dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Kærði hefur ekki látið málið til sín taka.

**II.**

Dómari málsins ákvað að láta það sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga um dómstóla KSÍ. Kærða var gefinn kostur að tjá sig um málið en það hefur hann ekki gert. Sem rökstuðning fyrir kröfum sínum vísar kærandi til reglugerðar um knattspyrnumót, greina 2.1. og 3.9.4.1. og telur að leikmenn kærða þeir, Eyjólfur A. Eyjólfsson, Hafliði Hafliðason, Ragnar Másson, Stefán Möller og Tryggi Þ. Jóhannesson hafi verið óhlutgengir með liði kærða í þessum umrædda leik.

**III. Niðurstaða**

Að framan er rakið að kærði hefur ekki látið málið til sín taka og er því rétt að líta svo á að hann telji fullyrðingar kæranda sé réttar þess efnis að framangreindir leikmenn, sem allir hófu leik með A-liði kærða fyrir um daginn séu réttar. Hafi þeim því verið óheimilt að leika með B-liði kærða í umræddum leik. Samkvæmt ákvæðum greinar 4.3. í sömu reglugerð skal dæma leikinn tapaðan kærða með markatölunni 0-3. Verða kröfur kæranda því teknar til greina. Þrátt fyrir orðalag reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót greinar 4.4.3. hafa komið fram upplýsingar hjá skrifstofu KSÍ sem leiða að mati dómara til þess að greiðsla sektar til KSÍ er felld niður.

Gunnar Guðmundsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ kveður upp dóm þennan.

**DÓMSORÐ**

Íþróttafélag Reykjavíkur telst hafa tapað leik gegn Ungmennafélaginu Fjölni í B-liði 3. flokki karla sem fram fór 16. apríl 2004 með markatölunni 0-3.

Sektargreiðsla fellur niður

Gunnar Guðmundsson